


Vesturbyggð
Bjarni Þór Einarsson,
byggingarfulltrúi
Aðalstræti 63
450 Patreksfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. mars 2011
Tilvísun: UST20110200137/ksj

Deiliskipulag fristundahúss að Kirkjuhvammi, Rauðasandi Vesturbyggð

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Vesturbyggðar er barst 21. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar um deiliskipulag fristundahúss í landi Kirkjuhvamms, Vesturbyggð.

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir að reist verði fristundahús á byggingarreit sem sýndur er á uppdrætti. Leyfilegt byggingamagn er 150 m², og er gert ráð fyrir að húsið verði 2 hæðir.

Náttúruminjar

Deiliskipulagssvæðið er í nágrenni við svæði nr. 306 á náttúruminjaskrá en Lambavatnsvegur skilur svæðin að. Í skránni segir um svæðið: „*Bæjarvaðall, Vesturbyggð (áður Rauðasandshreppi.), V.- Barðastrandasýslu. Fjörur í Bæjarvaðli ásamt Rifi og Melanesrifi. Viðáttumiklar, rauðleitar skeljasandsfjörur og árlón með fjölbreyttu dýralifi.*“

Fristundabyggð

Hús er tilheyra jörðinni Kirkjuhvammur eru ofan Lambavatnsvegar og er áætlun að reisa nýtt fristundahús á eldra túni í nágrenni við núverandi byggð. Byggingarreitur er 35 m frá Lambavatnsvegi, en á veginum er lítil umferð. Í greinargerð er fylgir deiliskipulagstillöggunni kemur fram að: „*Form og uppbygging taki mið af gamla íbúðarhúsinu.*“ Umhverfisstofnun tekur undir þetta og telur mikilvægt að ný fristundabygging stingi ekki í stúf við eldri byggingar á svæðinu og að ný bygging falli vel að landslagi og hafi þannig ekki neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við að reist verði frístundahús á eldra túni er tilheyrir Kirkjuhvammi.

Virðingarfyllst
Kjartan.
Hjalti J Guðmundsson
Sviðsstjóri

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

Studio Grandi